

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Við samþykktina bætist viðauki 1.5 um fullnaðarafgreiðslur framtalsnefndar án staðfestingar borgarráðs svohljóðandi:

a. (1. gr.)

Framtalsnefnd afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, umsóknir um lækkun álagðs útsvars einstaklinga samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sbr. einnig 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og 1. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Við afgreiðslu mála skv. 1. mgr. fer framtalsnefnd að reglum sem borgarráð setur um afgreiðslu umsókna einstaklinga um lækkun álagðs útsvars á grundvelli 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Framtalsnefnd getur vísað afgreiðslu mála skv. 1. mgr. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í nefndinni hið fæsta.

b. (2. gr.)

Framangreindar afgreiðslur framtalsnefndar skv. 1. mgr. 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

c. (3. gr.)

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu framtalsnefndar eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal framtalsnefnd taka málið upp að nýju.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. október 2005.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.